

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 416/1994.

Sigurður Friðriksson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Guðmundi Sigurjónssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Kjarasamningur. Sjómenn. Veðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og eldri lögum um það efni hafa veiðar í atvinnuskyni við Ísland verið háðar almennu veiðileyfi ásamt sérstökum heimildum til veiða úr þeim nytjastofnum, sem sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla. Hefur það verið meginregla, að veiðiheimildirnar séu bundnar við tiltekin skip og veittar eigendum þeirra eða útgerðarmönnum. Um tilfærslu heimildanna með framsali eða öðrum hætti er og til þess ætlast, að hún fari aðeins fram milli skipa, þannig, að sami eða annar útgerðaraðili taki við, auk þess sem heimildirnar fylgi skipum við eigendaskipti að þeim.

Ákvæði laganna um framsal veiðiheimilda eru greinilega við það miðuð, að ákvörðun skipseiganda eða útgerðarmanns liggja þar að jafnaði til grundvallar. Samkvæmt gögnum málsins hefur það og tíðkast, eftir að heimildirnar urðu framseljanlegar eða færanlegar milli skipa, án þess að sami útgerðarmaður væri að báðum, að endurgjald vegna framseldrar heimildar rynni til útgerðar þess skips, sem selt væri frá, án þess að sjómönnum á skipinu væri ætluð hlutdeild í því.

Stefndi var ráðinn á dagróðrabát áfrýjanda upp á aflahlut. Sam-

kvæmt grein 1.24. í þágildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem gerður var 24. nóvember 1990, átti útgerðarmaður að hafa með höndum sölu aflans og tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en hann fengi sjálfur. Um skiptaverð aflans skyldi fara eftir lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 21/1987. Í 1. gr. laganna var svo á kveðið um fiskafla, er seldur væri óunninn hér á landi eftir 1. júní 1987, að skiptaverðmæti til hlutaskipta og aflaverðlauna skyldi vera 76% af heildarverðmæti, en sæta leiðréttingu frá því marki með tilliti til verðlags á gasolíu til fiskiskipa. Skiptaverðmætið skyldi þó aldrei vera lægra en 70% af heildarverðmæti aflans.

Ágreiningslaust er með aðilum, að áfrýjandi hafi gert upp við stefnda fyrir mánuðina febrúar – maí 1992 á grundvelli þess aflamagns, sem lagt var upp frá bátnum, en lækkað aflaverð til skipta gagnvart honum og öðrum skipverjum sem svaraði helmingi kostnaðar af kaupum á aflamarki handa bátnum vegna veiða mánuðina mars – maí. Hafi aflahlutur stefnda þannig verið lægri en orðið hefði samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins, og sé munurinn eins og stefndi hefur tilgreint.

Telja verður það meðal grundvallaratriða kjarasamningsins, að útgerðarmaður ráði því að öðru jöfnu, hvert og hvernig skipi hans er haldið til veiða. Jafnframt eigi hann að bera kostnað og áhættu af útgerð skipsins, og verði kostnaðarþættir varðandi úthald skipsins og löndun á afla ekki lagðir á skipverja umfram það, er á sé kveðið í samningnum. Með hliðsjón af því, sem fyrr var rakið um veiðiheimildir samkvæmt lögum nr. 38/1990, verður að líta svo á, að kostnaður áfrýjanda af kaupum á aflamarki hafi átt að teljast til útgerðarkostnaðar í þeim skilningi, sem við var miðað í kjarasamningnum.

Samkvæmt grein 1.36. í kjarasamningnum áttu sérsamningar útgerðarmanns við einstaka skipverja eða skipshafnir að vera ógildir, ef þeir færu í bága við samninginn, enda hefði stéttarfélag skipverja ekki samþykkt þá. Var ákvæði þetta efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem einnig átti við. Fyrir liggur, að samningsgerð áfrýjanda við skipshöfn sína var ekki borin undir stéttarfélag stefnda, og mótmælti það samningnum, þegar er því varð um hann kunnugt.

Með skírskotun til þessa ber að fallast á það með héraðsdómara, að taka eigi kröfu stefnda í málinu til greina, en um hana er ekki tölulegur ágreiningur. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Friðriksson, greiði stefnda, Guðmundi Sigurjónssyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. júlí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. júlí, er á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1615/1993: Guðmundur Sigurjónsson gegn Sigurði Friðrikssyni.

Málið var höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1993, og var dómtekið að loknum munnlegum flutningi þess 18. mars sl. Vegna bilunar á tæknibúnaði mistókst upptaka á framburði stefnda og vitna, og var málið því endurupptekið og í samráði við umboðsmenn aðila frestað að taka það fyrir aftur, þangað til stefnandi þess og vitnið Sæbjörn Á. Svavarsson yrðu í landi, svo að unnt yrði að taka af þeim skýrslu jafnframt því, sem aðalmeðferð yrði endurtekin, sem var 20. júní sl., og var málið þá dómtekið aftur að loknum munnlegum málflutningi.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Stefnandi er Guðmundur Sigurjónsson, kt. 211067-4219, Óðinsvöllum 7, Keflavík, en stefndi er Sigurður Friðriksson, kt. 190448-3559, Vesturgötu 37, Keflavík.

Dómkröfur.

1. Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér launaskuld, að fjárhæð 292.439 kr., með dráttarvöxtum samkv. 10. gr., sbr. 14. gr. l. nr. 25/1987, frá 15. júní 1992 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. sömu laga.

2. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða launaskuld, að fjárhæð 155.535 kr., með sömu dráttarvöxtum og getið er í sambandi við aðalkröfu auk virðisaukaskatts.

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þessar kröfur:

1. að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda,
2. að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málsatvik.

Stefndi í málinu gerir út vélbátinn Guðfinn, KE-19, skipaskrárnúmer 1371, sem er 30 rúmlesta stálfiskibátur. Í byrjun febrúar 1992 réðst stefnandi háseti á bátinn og er samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði skráður á bátinn frá 6. febrúar 1992 til 2. júní 1992. Stefnandi réð sig m. v. venjuleg ráðningarkjör og gerði ráð fyrir að njóta kjara samkvæmt kjarasamningum, eins og landslög standa til. Ekki hafi verið getið neinna afbrigða frá þessu við ráðningu. Hinn 17. mars 1992 undirrituðu skipverjar á bátnum, þ. á m. stefnandi, yfirlýsingu um, að þeir tækju þátt í kvótakaupum að hálfu á móti útgerð skipsins fyrir vertíðina árið 1992, og hefur stefnandi haldið því fram, að skipverjar hafi verið þvingaðir til undirritunarinnar með hótunum um uppsögn úr starfi, en þessu er mótmælt af hálfu stefnda. Þá hafi við undirritunina legið fyrir loforð stefnda um að láta áhöfninni jafnarhæðan í té upplýsingar um kvótakaup útgerðarinnar, en stefnandi kveður það hafa brugðist þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir.

Samkvæmt því, sem fram kemur hjá aðilum og í fram lögðum gögnum, hafði bátnum verið úthlutað í aflaheimildum fyrir veiðitímabilið frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 165.098 kg af þorski, en auk þess átti hann 16.072 kg af þorski frá fyrra ári, 34.755 kg af ýsu auk 294 kg frá fyrra ári og svo 35.836 kg af ufsa og öðrum tegundum að með töldu því, sem eftir var frá fyrra ári. Þá hafði útgerðin í byrjun nóvember 1991 keypt á bátinn aflaheimild, sem nam 40.031 kg af þorski og 2.199 kg af ýsu. Samtals hafði því skipið í upphafi veiðiársins aflaheimild, sem nam 221.201 kg af slægðum þorski, 37.248 kg af slægðri ýsu auk þess, sem fyrr er greint um aðrar fisktegundir. Afli skipsins frá upphafi fiskveiðiársins til loka janúar 1992 var 117.887 kg af slægðum þorski og 7.598 af slægðri ýsu, og átti skipið því óveidd 193.314 kg af slægðum þorski og 29.650 af slægðri ýsu. Afli bátsins í febrúar var 42.524 kg af slægðum þorski og 178,4 kg af slægðri ýsu. Í mars er aflinn 136.080 kg af slægðum þorski, 1098 kg af slægðri ýsu og 380 kg af ufsa, þar af er aflinn frá 1.-11. mars 69.516 kg af slægðum þorski. Í apríl er aflinn 36.852 kg af slægðum þorski og í maí 34.345 kg. 11. mars var því lokið að mestu veiðum á þeim þorskafla, sem skipið hafði aflaheimild fyrir. Um morguninn hafði stefndi áréttað það við skipverjana, hvort þeir samþykktu að kaupa sameiginlegan kvóta á móti útgerðinni. Ljóst hafi þá verið, að útgerðin treysti sér ekki til að fjármagna kvótakaupin ein og sér, og er fram komið hjá stefnda, að ef áhöfnin hefði ekki tekið þátt í kvótakaupunum,

hefði þurft að leggja bátnum og segja upp áhöfninni með sjö daga fyrirvara. Skipverjar höfðu þá með munnlegu samkomulagi fallist á að taka þátt í kvótakaupum, og hafði það síðar verið fest á blað og skipverjar undirritað yfirlýsinguna um þetta 17. mars 1992. 11. mars var keyptur 20.000 kg þorskveiðikvóti á skipið og daginn eftir 25.000 kg kvóti, 18. mars 50.000 kg kvóti, 21. mars 2.000 kg kvóti og 4. júní 20.000 kg kvóti, en í mars og apríl er keyptur 29.811 kg kvóti af ýsu.

Á tímabilinu frá 11. mars til vertíðarloka aflaði báturinn 137.654 kg af þorski og 51.389 kg af ýsu m. v. slægðan fisk. Stefnandi taldi því bátinn hafa verið búinn að veiða 49.394 kg í lok maí umfram þær aflaheimildir, sem höfðu verið fengnar eða keyptar, og eftir að keypt hafði verið aflaheimild upp á 20.000 kg í júní, vantaði enn aflaheimild um tæp 30.000 kg, þegar vertíð lauk.

Við febrúaruppgjör til stefnanda, sem stefndi taldi, að bæri ekki að skila honum fyrr en 15. mars skv. uppgjorsreglum kjarasamninga, dró stefndi frá inneign stefnanda miðað við aflahlut hans í kvótakaupum, en skilin hafi ekki verið gerð fyrr en eftir samkomulagið um þátttöku skipverja í kvótakaupum frá 11. mars, en í því hafi verið miðað við, að útgerðarmaður bátsins sæi um öll kvótakaup og jafnaði kostnaðinn frá febrúarmánuði til vertíðarloka. Stefnandi hafi komið á óvart, að við febrúaruppgjör skyldi hann vera látinn taka þátt í kvótakaupum, þrátt fyrir það að þá hefði ekki legið fyrir samkomulag um, að skipverjar tækju þátt í því. Stefnandi leitaði til Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur til að kanna réttarstöðu varðandi kvótakaupin og uppgjörin. Sjómannasambandi Íslands barst þetta erindi til athugunar, og með bréfi, dags. 30. júní 1992, til stefnda mótmælti félagið þátttöku áhafnar Guðfinns, KE-19, í kvótakaupum og krafði stefnda um greiðslu á inneign stefnanda samkv. leiðréttingu útreikninga m. v., að stefnandi tæki engan þátt í kvótakaupum. Nemur mismunurinn eða inneignin stefnufjárhæð aðalkröfu, og er þetta dómskjal nr. 13. Innheimtutilraunir reyndust árangurslausar, og var þá leitað til lögmanns stefnanda um innheimtu á kröfunni, sem leiddi til málshöfðunar þessarar eftir venjulegar innheimtutilraunir með áskorunarbréfum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Aðalkrafan er byggð á því, að óheimilt sé samkvæmt kjarasamningum og lögum að láta áhafnir skipa taka þátt í kvótakaupum útgerða. Í gr. 1. 24. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands við LÍÚ segi, að útgerðarmaður hafi með höndum sölu aflans, og skuli skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildi um hrogn,

lifur og bein. Um skiptaverðmæti aflans fari samkvæmt l. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sjávarútvegsins. Samkvæmt l. gr. þeirra laga er það svo, þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi, að skiptaverðmæti aflans, sem kemur til hlutaskipta og aflaverðlauna, er 75% af því heildarverðmæti, sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af gasolíuverði í birgðum olúfélaganna. Í gr. 1. 36. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands, sbr. dskj. nr. 22, segi orðrétt: „Sérsamningar útgerðarmanna við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við samning þennan, eru ógildir, enda hafi viðkomandi félag ekki samþykkt þá.“ Samningur skipverja um þátttöku í kvótakaupum eða kvótaleigu að hálfu á móti útgerð á dskj. nr. 11 er andstæður kjarasamningum og lögum um þau verðmæti, sem koma til skipta, og sé þess vegna ógildur, enda var ekki haft samráð við viðkomandi stéttarfélag. Það hefur legið fyrir, frá því að kvótareglum var komið á í sjávarútvegi og útgerðarmönnum veitt frelsi til að selja veiðiréttindi skipanna sem sína eign, án þess að sjómenn hefðu svo mikið sem tillögurétt í því efni, hvað þá, að þeir nytu kaupverðsins að einhverju, að íslensk sjómannafélög hafa mótmælt þátttöku sjómanna í kvótakaupum útgerða og talið þau brot á lögum og kjarasamningum. Fyrirmæli gr. 1. 36. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands eru áréttning þess, að samningurinn heimilar hagsmunaaðilum ekki að gera einstaka samninga, sem fara í bága við samninginn.

Samkvæmt 7. gr. 1. um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eru samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur ógildir að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélagins við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Samsvarandi fyrirmæli sé að finna í 10. gr. 1. nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, og samkvæmt l. gr. 1. nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru ákvæði kjarasamninga ófrávíkjanlega launþegum í óhag. Markmið laganna sé að koma í veg fyrir, að einstakir atvinnurekendur þvingi launþega til að semja um lakara kaup og kjör en lög og kjarasamningar veita. Á dskj. nr. 17 er til þess vitnað af hálfu stefnda, að fyrir liggja yfirlýsing og samþykki frá 17. mars 1992 af hálfu stefnanda þessa máls. Á dskj. nr. 18 komi hins vegar fram, að skipverjar voru allt að því þvingaðir af hálfu stefnda til að skrifa undir umrætt dskj. nr. 11. Í því efni er bent á 33., sbr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Hinn 26. apríl 1992 var gengið frá undirritun yfirlýsingar af hálfu vinnuveitenda og fulltrúa sjómanna, sbr. dskj. nr. 12. Sú yfirlýsing fól í sér áréttningu á þeim gildandi rétti, að óheimilt væri að láta sjómenn taka þátt í

kaupum á aflaheimildum. Yfirlýsing þessi er hluti af kjarasamningi ASÍ og VSÍ á þessum tíma.

Aðalkrafa er reist á útreikningi Sjómannasambands Íslands á dskj. nr. 13. Útreikningur Sjómannasambandsins styðst við uppgjör vegna febrúar 1992 til maí sama ár, sbr. dskj. nr. 4-7. Þar sé yfirlit yfir afla mb. Guðfinns frá Fiskifélagi Íslands, sbr. dskj. nr. 8, yfirlit yfir afla og söluverðmæti bátsins frá Fiskmarkaði Suðurnesja á dskj. nr. 9 og yfirlit yfir viðskipti bátsins með aflaheimildir á dskj. nr. 10. Á dskj. nr. 9 séu upplýsingar um heildarveiði og heildarverðmæti mb. Guðfinns í febrúar, mars, apríl og maí 1992. Út frá þeim upplýsingum sé skiptaverðmæti reiknað á grundvelli gildandi laga, sbr. dskj. nr. 13. Séu þau skiptaverðmæti borin saman við uppgjör á dskj. nr. 4-7, komi í ljós, að töluvert vantar á, að 75% heildarverðmætis komi til skipta. Heildarmunur, hvað varðar stefnanda, sé stefnufjárhæðin, 292.439 kr., með orlofi, sbr. dskj. nr. 13.

Varakrafa málsins er studd því, að hafi það einhvern tíma verið vafi, að óheimilt væri að láta skipverja taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu, hafi þeim vafa verið eytt með yfirlýsingum með kjarasamningi á dskj. nr. 12. Er þá krafan reist á því, að stefnda hafi verið óheimilt að draga frá vegna febrúar og til 17. mars, þegar dskj. nr. 11 var gert, og að það dskj. hafi fallið úr gildi í apríllök, þegar dskj. nr. 12 var gert, þ. e. 52.288 kr. vegna febrúar, 52.833 kr. vegna 1.-17. mars og 50.414 kr. vegna maí, alls 155.535 kr.

Stefnandi styður kröfu sína eftirfarandi lagarökum: meginreglu íslensks réttar um skyldu til að efna kjarasamninga, kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1991, gr. 1. 24. og 1. 36., auk fleiri ákvæða, lög nr. 24/1986, lög um breytingu á þeim lögum nr. 21/1987, 7. gr. l. nr. 80/1938, 1. gr. l. nr. 55/1988 og l. nr. 7/1936, 33. og 36. gr.

Um orlofskröfu vísar stefnandi á gr. 1. 22. 33. í umræddum kjarasamningi, sbr. l. nr. 30/1987 með síðari breytingum. Um vexti vísast til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr. Krafan um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á l. nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi var ekki virðisaukaskattsskyldur, og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

Stefnanda mátti vera það fullljóst, þegar hann réð sig á bát stefnda, að kvóti bátsins myndi ekki duga bátnum nema í skamman tíma, enda fór aðal-

hluti vertíðar í hönd. Allar upplýsingar um veiðiheimildir báta og kvóta-stöðu á hverjum tíma eru aðgengilegar öllum, sem það vilja vita, og gat stefnandi kynnt sér það, áður en hann réð sig á Guðfinn, KE-19. Engin ákvæði eru í kjarasamningum eða lögum, sem gera útgerðarmanni báts skylt að sjá til þess á sinn kostnað, að bátur hans hafi ætíð nægan kvóta, svo að aldrei þurfi að stöðva veiðar.

Engin ákvæði voru í lögum eða kjarasamningum fyrr en frá og með 4. júní 1992, eftir að stefnandi var hættur á bát stefnda, sem bönnuðu útgerðarmönnum og sjómönnum að lengja úthald báts með sameiginlegum kvótakaupum. Fram til þess tíma, þ. e. 4. júní 1993, var útgerð og áhöfn lög-mætt að semja um slíkt.

Þá er áhöfnin og útgerðin gerðu með sér samkomulag um sameiginleg kvótakaup 11. mars 1993, var kvóti skipsins búinn og meira til, en búast mátti við góðum afla næstu vikur, eins og kom á daginn. Á þessum tíma voru atvinnuleysisbætur á mánuði 45.605 kr. Var ljóst, að sameiginleg kvótakaup yrði áhöfninni mun hagkvæmari kostur en atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur til stefnanda hefðu numið samtals fyrir febrúar-maí 182.420 kr., en heildartekjur stefnanda hjá stefnda á sama tíma voru alls 1.376.642 kr., rúmlega sjöfaldar m. v. atvinnuleysisbæturnar.

Stefndi leggur áherslu á það, að hann fór að öllu leyti eftir ákvæðum kjarasamnings SSÍ og LÍÚ, en kostnaður við sameiginlegu kvótakaupin var eðlilega dreginn frá áður. Stefndi greiddi eftir því verði, sem fékkst fyrir aflann, þannig, að bæði útgerð og áhöfn fengu af sama fiskverði. Skipta-verðmætisprósenta var 75% og skiptaprósenta 33%, mannatala fimm menn, kjarasamningi SSÍ og LÍÚ, allt í samræmi við kjarasamning SSÍ og LÍÚ.

Í máli þessu er deilt um grundvallaratriði, þ. e., hvort heimilt hafi verið á þessum tíma, að sjómenn tækju þátt í sameiginlegum kvótakaupum með útgerðinni, þ. e. fram til þess tíma, að samkomulag SSÍ og LÍÚ um bann við sameiginlegum kvótakaupum tók gildi 4. júní 1993. Hvernig sameiginlegu kvótakaupin voru reiknuð sjómönnum til gjalda í uppgjöri, er aukaatriði, þ. e., hvort þessi kostnaður var dreginn frá óskiptu, áður en til skipta kom, eins og gert var í þessu tilviki, eða hver og einn sjómaður gjaldfærður fyrir sínum hluta kvótakaupanna, eins og um peningaúttekt eða skuld væri að ræða. Útreikningsaðferð er því ekki það, sem ræður úrslitum í máli þessu, heldur sjálft grundvallaratriðið, hvort brotinn hafi verið réttur á sjómönnum á þessum tíma með því, að áhöfn og útgerðarmaður keyptu saman við-bótarkvóta með samkomulagi sín í milli til þess þá að lengja úthald skips og afla sjómönnum væntanlega margfaldra tekna miðað við fjárhæð atvinnuleysisbóta.

Stefnandi hefur vísað máli sínu til stuðnings til 7. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938 og gr. 1. 36. kjarasamnings SSÍ og LÍÚ. Þessi ákvæði eru efnislega hin sömu og í 10. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., en tvö síðastnefndu lögin eiga ekki við um sjómenn, heldur eingöngu landverkfólk, og koma hér því ekki við sögu. Inntak þessara laga- og kjarasamningsákvæða er það, að samningsákvæði, sem launþegi- og atvinnurekandi gera sín í milli og brjóta í bága við ákvæði laga- eða kjarasamningsákvæðis, séu ógild, svo framarlega sem þau eru launþegum óhagstæðari en laga- eða kjarasamningsákvæði segja til um. Er tilgangur sá að koma í veg fyrir, að atvinnurekandi þvingi launþega til að semja um lakari kaup og kjör en þeir eiga tilkall til samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Með vísan til framanritaðs telur stefndi, að það sérsamkomulag, sem hann og áhöfn Guðfinns, KE-19, gerðu með sér 11. mars 1992 um sameiginleg kvótakaup, hafi á engan hátt rýrt þau kjör, sem stefnandi hefði átt rétt á skv. kjarasamningum, þegar tillit sé tekið til þess, að kvóti bátsins var tilbúinn og engin skylda fyrir útgerðarmann að fjármagna einn kvótakaup eða kaupa kvóta yfir höfuð til að lengja úthald bátsins. Miklu fremur hafi þetta samkomulag aðila gert hlutskipti stefnanda mun betra en hann átti rétt á miðað við, að kvóti skipsins var búinn.

Jafnvel þótt í samkomulagi aðila hefði falist afsal stefnanda á einhverjum lágmarksréttindum samkvæmt ráðningarkjörum, hefði slíkt sérsamkomulag ekki verið ógilt, svo framarlega sem það hefði ekki rýrt kjör launþegans, þ. e. stefnanda, þegar málið er skoðað heildstætt, sbr. H. 1981-1559. Í tilviki stefnanda var það stefnanda mun hagkvæmara að geta haldið vinnunni og fá rúmlega sjöfalt meira greitt en vera atvinnulaus á atvinnuleysisbótum, enda þótt stefnandi hefði fengið enn meiri tekjur, hefði stefnda verið skylt að útvega á bátinn á sinn kostnað allan þann umframkvóta, sem báturinn veiddi eða gat veitt. Eins og áður greindi, bar stefnda ekki skylda til þess skv. lögum eða kjarasamningum. Er þetta þungamiðja þessa máls.

Í stefnu vísar stefnandi í 33. og 26. gr. samningalaga nr. 7/1936 og telur, að víkja megi samkomulaginu frá 11. mars 1992 til hliðar, vegna þess að óheiðarlegt sé að bera samkomulagið fyrir sig eða ósanngjarnt. Þvert á móti telur stefndi það vera óheiðarlegt og ósanngjarnt, ef víkja eigi til hliðar fullgildum samningi milli aðila, gerðum af fúsum og frjálsum vilja stefnanda, samningi, sem færði honum verulegar tekjur umfram það, sem hann átti mestan rétt á úr hendi stefnda, sem var tímakaup í sjö daga uppsagnarfresti. Bendir stefndi sérstaklega á það, að stefnandi lét aldrei í ljós óánægju eða kvartaði með áðurnefnt samkomulag, fyrr en starfi hans á bátnum lauk og of seint var fyrir stefnda að breyta einhverju þar um. Hefði stefnandi lát-
ið strax í ljós, að hann vildi ekki taka þátt í sameiginlegum kvótakaupum,

hefði hann ekki blekkt stefnda með þögn sinni til þess að fara út í sameiginleg kvótakaup. Með þessu aðgerðaleyzi og tómlæti hafi stefnandi skert réttarstöðu sína. Mótmælir stefndi því sérstaklega, að stefnandi hafi verið þvingaður til samkomulags með hótun um uppsögn. Sú staðreynd lá fyrir, að stefndi treysti sér ekki til að fjármagna einn kvótakaup. Án þátttöku áhafnarinnar lá beint fyrir, að bátnum yrði lagt og áhöfninni sagt upp. Hvort stefndi „glápti“ á skipverja eða ekki, þegar hann innti þá svara 11. mars 1992 og báturinn var kominn fram yfir í kvóta, felur ekki í sér hótun eða þvingun, eins og stefnandi vill vera láta, sbr. dskj. nr. 18.

Sönnunargögn.

Málsaðilar gáfu skýrslu hér fyrir dómi, og svo báru vitni Birkir Már Ólafsson, Mávabraut 4, Keflavík, kt. 070349-2659, og Pétur Helgi Guðjónsson, Suðurgötu 151, Sandgerði, kt. 270662-3669, báðir skipverjar á ms. Guðfinni, KE-19, og svo Sæbjörn Ágúst Svavarsson, Sandholti 2, Ólafsvík, kt. 111265-5429.

Í bréfi Sjómannasambands Íslands til stefnda, dskj. nr. 13, sem byggt er á upplýsingum frá Fiskmarkaði Suðurnesja, sbr. dskj. nr. 9, og í samræmi við yfirlit afla ms. Guðfinns, KE-19, frá Fiskifélagi Íslands, dskj. nr. 8, er útreikningur á skiptaverðmæti, aflaverðmæti stefnanda miðað við uppgjör og svo miðað við, að hann hefði ekki tekið þátt í kvótakaupunum á mb. Guðfinni, KE-19, og er þetta þannig m. v. tímabilið febrúar-maí 1992.

	Magn í kg	Verðmæti í kr.	Skiptaverðmæti
Febrúar	44.022 kg	4.522.560 kr.	3.256.243 kr.
Mars	172.152 kg	13.752.547 kr.	9.901.834 kr.
Apríl	80.348 kg	6.885.114 kr.	4.942.882 kr.
Maí	70.528 kg	5.384.704 kr.	3.876.987 kr.

Í uppgjörum til Guðmundar sé aflamagnið rétt tilgreint, en það skiptaverðmæti, sem reiknað er út frá, stemmir engan veginn. Þegar affli er seldur á fiskmarkaði innan lands, er heimilt að draga 4% uppboðskostnað frá heildarverðmæti, áður en skiptaverð er reiknað. Skiptaverð til sjómanna var á þeim tíma, sem hér um ræðir, 75%, og er skiptaverðmætið í töflunni hér að ofan reiknað út frá þeim forsendum, eftir að búið er að draga uppboðskostnað frá. Skiptaprósenta er 33%, og að jafnaði voru fimm menn á skipinu. Aflahlutir án orlofs og aukagreiðslna eiga því að vera sem hér segir:

	Leiðréttur aflahlutur	Aflahlutir skv. uppgjöri	Mismunur (inneign)
Febrúar	214.912 kr.	162.624 kr.	52.288 kr.
Mars	653.521 kr.	547.857 kr.	105.664 kr.
Apríl	326.230 kr.	269.153 kr.	57.077 kr.
Mai	255.881 kr.	205.467 kr.	50.414 kr.
		Mismunur alls, án orlofs	265.443 kr.
		Orlof 10,17%	26.996 kr.
		Inneign Guðmundar alls	292.439 kr.

Yfirlýsing, sem gefin er af fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og undirrituð af þeim 26. apríl 1992, er svohljóðandi:

„Samningsaðilar eru sammála um, að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti afla, áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað.

Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð.“

Yfirlýsing er gefin í tengslum við kjaradeilu milli sjómanna og útvegsmanna, og er fram komið, að með samþykki miðlunartillögu ríkissáttasemjara í deilunni milli aðila 4. júní 1992 hafi yfirlýsing þessi öðlast gildi.

Í málinu hafa verið lagðar fram átta óundirritaðar bókanir, sem gerðar hafa verið í tengslum við samningaumuræður í þessari kjaradeilu, en ekki hefur verið búið að ganga frá þeim endanlega. Þegar þær eru bornar saman, sést, að þar er verið að móta tillögur um bókun til samþykktar, en í þeim kemur m. a. fram, að vegna ágreinings milli deiluaðila um sameiginleg kvótakaup sjómanna og útvegsmanna o. fl. verði skipuð nefnd eða komið á fót gerðardómi, sem fjalli um ágreiningsefnið. Er þar gert ráð fyrir, að þessi kvótakaup séu óheimil, nema gert sé skriflegt samkomulag útgerðarmanns og allra skipverja á skipi, og skuli þessi háttur vera á, þar til nefndin, starfshópur eða gerðardómur hafi komist að niðurstöðu. Þá koma og fram tillögur um, að í því tilviki, að skip hafi veitt kvóta sinn, sem því var úthlutað á fiskveiðiarinu, og ekki sé um að ræða skriflegt samkomulag útgerðar og allra skipverja um sameiginleg kvótakaup, skuli skipverjar eiga rétt á vinnu við skipið í uppsagnartímanum gegn greiðslu tímakaups.

Í sambandi við samkomulag útgerðar mb. Guðfinns, KE-19, og áhafnar, sem rakið hefur verið að framan, hafa verið lagðar fram yfirlýsingar um það, og kemur fram í yfirlýsingu, sem stefnandi og Sæbjörn Ágúst Svavars-son, kt. 111265-5429, undirrita, að samkomulagið hafi orðið til með þeim

hætti, að að morgni 11. mars 1992 hafi allir í áhöfn skipsins verið fyrir utan geymslu stefnda og hann þá heimitað að fá að vita strax, hvort þeir skipverjarnir ætluðu að taka þátt í kvótakaupum, annars yrði dregið upp þennan dag, og það yrðu allir að segja já. Enginn umhugsunartími hafi verið gefinn og áhöfnin ekki fengið tíma til að ræða málin. Þeir hafi því verið í mjög þvingaðri stöðu, er þeir samþykktu, en neitun eins hefði leitt til þess, að hinir hefðu misst vinnuna.

Hinar yfirlýsingarnar eru frá öðrum skipverjum með stefnda, og kemur þar fram, að þeir hafi tekið þátt í kvótakaupunum af fúsum og frjálsum vilja, og í yfirlýsingu þriggja sömu aðila, sem undirrituð er 24. nóv. sl., mótmæla þeir að hafa verið þvingaðir til kvótakaupa og segja, að þeir hafi getað mótmælt og hætt, ef þeir hefðu viljað, og til þess hefðu þeir haft vikuna, þar til samkomulagið var fest á blað. Aðilar og vitnin hafa staðfest hér fyrir dómi hlutaðeigandi undirritun undir yfirlýsingar þessar og að þar sé rétt greint frá.

Stefnandi kvaðst hafa orðið að skrifa undir samninginn um, að hann og aðrir skipverjar á mb. Guðfinni, KE-19, tækju þátt í kvótakaupum skipsins, en flestir aðrir skipverjar hefðu þá verið búnir að skrifa undir samninginn, en það hefði verið gert um borð í bátnum. Hann kvaðst hafa samþykkt kvótakaupin 11. mars 1992 vegna þvingunar, sem fólgin hefði verið í því, að hann hefði verið krafinn svars strax og settur í þá stöðu, að ef hann samþykkti ekki ásamt öðrum skipverjum, yrði dregið upp og með þeim afleiðingum, að hinir skipverjarnir, sem hefðu viljað halda áfram á þessum kjörum, misstu vinnuna. Sér hefði þannig verið stillt upp við vegg og hann settur í óþægilega stöðu og taldi stefnda hafa verið ógnandi í þessu sambandi. Hins vegar kom ekki fram, að honum sérstaklega hefði verið hótað neinu, ef hann samþykkti ekki. Hann minntist þess ekki, að sérstakar umræður hefðu farið fram milli skipverja um sameiginlegu kvótakaupin í vikunni fyrir undirskrift. Hann kvaðst ekki hafa vitað, er hann skrifaði undir, að samkomulagið gæti verið brot á kjarasamningi, enda kvaðst hann ekki hafa fylgst svo ýtarlega með opinberri umræðu um sameiginleg kvótakaup og vissi ekki, að í umræðu milli LÍÚ og SSÍ hefði komið til álitu að heimila sameiginleg kvótakaup, ef allir skipverjar á bát samþykktu. Þó að hann hafi samþykkt sameiginlegu kvótakaupin fyrir Guðfinn, KE-19, kveðst hann í grundvallaratriðum hafa verið almennt á móti sameiginlegum kvótakaupum, og er hann síðar hafi heyrt fjallað um kvótakaupin í útvarpi, hafi hann snúið sér til sjómannafélags í Keflavík. Sig hefði grunað, er hann réð sig á skipið, að það væri með 150 tonna kvóta, en við ráðningu hefði sér ekki verið gert viðvart um, að hann þyrfti að taka þátt í kvótakaupum eða kvótaleigu. Hann hefði verið ósáttur við, að kostnaður vegna kvótaleigu

hefði verið dreginn frá hlut sínum fyrir febrúarmánuð, áður en til kvóta-leigu hefði komið, og vissi ekki af þessu, er hann fékk uppgjör 15. mars vegna febrúarmánaðar. Og þó að dreifa ætti kostnaði á alla mánuðina, ætlaði hann að fara yfir þetta og fá þetta með lokauppgjóri í vertíðarlok.

Stefndi kvað aflann í mars 1992 hafa verið óvenjumikinn, um 180 tonn, og hefði báturinn um 11. mars verið búinn með þær aflaheimildir, sem honum hafði verið úthlutað og hann hafði átt frá haustinu. Vegna þess, hve fljótt hefði gengið á kvótann, hefði hann orðið að fá svör um það frá skipverjum strax 11. mars, hvort þeir ætluðu að taka þátt í kvótakaupum, en ef hann hefði haldið áfram útgerð bátsins án viðbótarkvóta, hefði hann fengið sektir. Hann kvaðst engar hótanir hafa haft í frammi við að fá skipverja til að taka þátt í kvótakaupum, en hins vegar hefði sér verið alvara með að draga upp, ef áhöfnin tæki ekki þátt í kostnaði við að leigja frekari kvóta. Hann kvað stefnanda ekki hafa kvartað út af samkomulaginu, er það var gert, eða þar um bil, en er þeir hefðu verið hættilir á vetrarvertíð, hefði hann kvartað. Hann hefði og samþykkt að dreifa kostnaði við kvótakaupin. Hann kvað alla hafa getað kynnt sér, hvernig aflaheimildum bátsins væri háttáð, og því átt að vera ljóst miðað við afla, að aflaheimild var á þrotum í byrjun mars.

Fram kom hjá stefnda, að hann hefði aldrei selt eða leigt þorskveiðiheimildir ms. Guðfinns, KE-19, og því ekki um það að ræða, að skipverjar bátsins hefðu þurft að taka þátt í sameiginlegum kvótakaupum eða kvóta-leigu vegna þess, að hann hefði þannig rýrt aflaheimildir bátsins. Hann hefði talið kostnað vegna kvótakaupa með útgerðarkostnaði, sem kæmi til frádráttar, áður en aflahlutur skipverja væri reiknaður út.

Vitnin könnuðust öll við að hafa samþykkt þátttöku í kvótakaupum 11. mars 1992 og að hafa gert skriflegt samkomulag um það 17. mars. Vitnin Pétur Helgi og Birkir kváðust ekki hafa samþykkt þátttöku í kvótakaupunum né skrifað undir samkomulagið þar um, vegna þess að beitt hefði verið hótunum eða þvingunum. Vitnið Pétur kvað ekkert hafa verið rætt um, að óheimilt væri að gera þetta samkomulag, og stefndi ekki sett sig upp á móti því á vertíðinni, og vitnið Birkir hafði ekki heyrt kvartanir vegna samkomulagsins fyrr en um sumarið.

Vitnið Sæbjörn hafði verið á móti því að taka þátt í kvótakaupunum, þó að það hefði samþykkt, en kvaðst ekki hafa vitað neitt um kvótamál og ekki fylgst með umræðunni í þjóðfélaginu um þetta efni og því ekki velt fyrir sér, hvort samkomulagið væri óheimilt m. v. kjarasamninga.

Álit réttarins.

Í málinu er ekki deilt um fjárhæð aðalkröfu, og stefnandi hefur fallið frá varakröfu. Álitaefni er því eingöngu, hvort stefnanda bar að hlíta þeirri skerðingu á hlut sínum í afla mb. Guðfinns, KE-19, sem leiddi af samkomulagi hans og annarra skipverja á bátnum við stefnda um sameiginlega kvótaleigu, sbr. dskj. nr. 11. Óumdeilt er, að stefnandi undirritaði þessa yfirlýsingu, eftir að hann hafði áður munnlega samþykkt að taka ásamt öðrum skipverjum þátt í kvótaleigu til jafns við útgerð bátsins vegna úthalds hans eftir 11. mars 1992.

Ekki þykir í ljós leitt, að stefnandi hafi með þvingunum eða öðrum óeðlilegum hætti verið fenginn til þessa samþykkis eða undirritunar yfirlýsingar, en samkvæmt vætti vitnanna Péturs og Birkis höfðu þeir ritað undir af fús-um og frjálsum vilja, og er ósannað, að annað hafi gilt um stefnanda. Hann hafi að vísu verið í nokkuð óþægilegri aðstöðu, en hins vegar gat hann, ef hann taldi á sér brotið, neitað að skrifa undir og átti þá rétt á venjulegum uppsagnarfresti, ef stefndi hefði dregið upp. Honum mátti vera ljóst, er hann réð sig á skipið, hvaða aflaheimildir fylgdu því, og gat engan veginn treyst því, að útgerð skipsins myndi leggja út í aukinn kostnað til að leigja kvóta handa bátnum, eftir að lokið var veiði á afla skv. aflaheimildum skipsins, og mátti því búast við, að þá yrði veiði hætt. Fram er komið, að á þessum tíma var almennt mikil veiði, og hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi á þessum tíma átt kost á rúmi í öðrum bát með nægar aflaheimildir eða starfi, sem fylgdu meiri tekjur en hann mátti vænta af því að vera áfram á bátnum þrátt fyrir kostnaðarþátttöku í kvótaleigu. Það fer því vart milli mála, að það, sem öðrum þræði hefur ráðið því, að stefnandi undirritar yfirlýsinguna, þó að hann kynni að vera ósáttur við hana, er, að hann hefur talið það vænsta kostinn, sem í boði var. Yfirlýsingin verður því ekki ógilt eða henni vikið til hliðar eða breytt samkv. ákvæðum 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Kemur þá til álita, hvort í framangreindri yfirlýsingu felist samningur um starfskjör milli stefnanda og annarra skipverja á mb. Guðfinni og útgerðar hans, sem séu lakari en lágmarkskjör samkvæmt almennum kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og LÍÚ frá 24. nóvember 1990 og sé því ógildur, svo sem stefnandi heldur fram.

Í grein 1. 24. í framangreindum kjarasamningi um skiptaverð og sölu afla fiskiskipa er skýrt tekið fram, að um skiptaverðmæti aflans skuli fara skv. lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 21/1987. Fyrir gildistöku þessara laga var skiptaverðmæti það verð, sem útgerð fékk fyrir afla, þó að frá dregnum einhverjum gjöldum og kostnaði. Á þessum tíma hafði orðið gífurleg hækkun á olíu-

verði til útgerðar, sem rétt þótti, að hefði að einhverju leyti áhrif á skiptaverðmæti. Fyrir þennan tíma höfðu fiskveiðar Íslendinga ekki nema í einstökum tilvikum verið háðar sérstökum leyfum til skipa, heldur voru almennar takmarkanir um veiðar í landhelgi, sem giltu um öll íslensk skip, en voru mismunandi eftir stærð þeirra. Kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna miðuðust því við hlutdeild þeirra í öllum afla, sem íslenski skipaflo- tinn megnaði að veiða og hafði heimild til að veiða, en skv. 10. gr. laga nr. 81/1976 gat sjávarútvegsráðherra sett reglur um hámarksafla ákveðinna fiski- tegunda á ákveðnu veiðitímabili, ef talin var hætta á ofveiði þeirra. Með lögum nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987 er í mjög miklum mæli far- ið að gera fiskveiðarnar háðar því, að fengin séu hjá sjávarútvegsráðu- neytinu sérstök leyfi til veiðanna, og jafnframt var ráðherra veitt víðtæk heimild til að ákveða með reglugerð aflamagn það, sem veiða mátti á veiði- tímabili, og voru veiðileyfin að miklu leyti miðuð við þetta aflahámark.

Lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990 eru mjög á sama veg um þetta efni. Með lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða eru allar fiskveiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelginni háðar almennum leyfum auk sérstakra leyfa til að veiða ákveðnar fisktegundir eða til að nota ákveðin veiðarfæri við veiðarnar. Í lögum þessum sem eldri lögum skulu veiðileyfi veitt vegna ákveðinna skipa, svo sem þar er nánar tilgreint. Heildarafla, sem veiða má á hverju veiðitímabili, ákveður ráðherra, og skulu veiðiheildir samkvæmt lögnum miðast við það magn. Aflaheimildir skipanna eru því nær ein- göngu tengdar því, hvaða heildarafla ráðherra heimilar veiði á hvert veiði- tímabil.

Kjarasamninga Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna verður að túlka í ljósi þessarar þróunar, sem leitt hefur til verulegrar skerðingar afla einstakra skipa og þar með aflahlutar sjómanna. Sú mikla rýrnun, sem orðið hefur á þeim heildarafla, er ráðherra hefur ákveðið síðustu ár, hefur leitt til þess, að aflaheimildir einstakra báta hafa reynst ónógar til að endast út vetrarvertíðina, eins og raun varð á hjá stefnda, og sumir útgerðarmenn mætt því með því að taka á leigu aflaheim- ildir frá öðrum bátum og þá ætlast til þess, að áhafnir skipanna, sem hag hefðu af að framlengja þannig úthald bátanna, tækju þátt í kostnaði við kvótaleiguna.

Svo sem að framan var rakið, var reynt að ná samkomulagi um þessa kostnaðarþátttöku sjómanna í sameiginlegum kvótakaupum eða kvótaleigu í heildarsamningum ASÍ og VSÍ, sem SSÍ og LÍÚ voru aðilar að og tóku gildi 4. júní 1992, en tókst ekki. Um þennan kostnaðarauka var ekki fjallað í lögum nr. 24/1986, enda hafði ekki reynt á hann, er þau voru sett, og ekki er í þeim heimild til að lækka skiptaverðmæti afla nema vegna olfukostnaðar.

Kjarasamningur SSÍ og LÍÚ, sem að framan getur, er heildarsamningur aðila, og m. v. þá lagapróun, sem að framan getur, verður að túlka hann þannig, að skiptaverðmæti afla þess, sem í gr. 1. 24. samningsins getur, eigi við allan afla, sem heimilt er að veiða hverju sinni skv. ákvörðun ráðherra, og svo afla, sem veiddur er utan landhelgi. Skipti þá ekki máli, hvernig heildarafla er jafnað á báta, heldur beri að líta svo á, að ef afli innan þessa ramma er veiddur á bát, þar sem voru skipverjar og útgerðarmenn, sem samningurinn nær til samkv. 1. kafla, skuli um skiptaverðmæti fara eftir gr. 1. 24. samningsins án frekari takmarkana en þar getur, enda ljóst, að sjómenn geta engin áhrif haft um, hvernig aflaheimildum er ráðstafað.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 er tekið fram, að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallað forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þeir, sem fá þannig úthlutað aflaheimildum og leigja eða selja rétt sinn skv. þeim, og eins þeir, sem leigja eða kaupa, verða í þessum viðskiptum að gera ráð fyrir þeim rétti, sem sjómenn hafa um skiptaverðmæti aflans, sem heimildin nær til, sbr. gr. 1. 24. í framangreindum samningi SSÍ og LÍÚ.

Ekki er því fallist á þau rök stefnda, að sameiginleg kvótakaup eða kvótaleiga hafi verið heimil, þar sem þau hafi ekki verið bönnuð fyrir en með kjarasamningum 4. júní 1992 og samningur um slíkt verið lögmaturl til þess tíma. Ekki þykir fara á milli mála, að samningur stefnda vegna útgerðar Guðfinns, KE-19, og áhafnar skipsins um að taka þátt í kvótaleigu að jöfnu brýtur í bága við framangreindan heildarsamning SSÍ og LÍÚ og er almennt um lakari kjör en þar greinir, þó að hann kunni að hafa verið áhöfninni hagstæður miðað við aðstæður hennar á þessum tíma. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að margir þeir útgerðarmenn, sem eru að leigja og selja aflaheimildir, voru aðilar að framangreindum heildarsamningi og því bundnir af honum. Í grein 1. 36. í samningnum segir, að samningar útgerðarmanna við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við samninginn, skuli ógildir, enda hafi hlutaðeigandi félag ekki samþykkt þá. Svo sem fyrir var rakið, var reynt að ná samkomulagi um það í kjarasamningum, að sameiginleg kvótakaup eða kvótaleiga skyldi heimil, en tókst ekki, og liggur ekkert fyrir í málinu um samþykki stéttarfélags sjómanna um þetta efni.

Framangreind yfirlýsing áhafnar ms. Guðfinns, KE-19, um að taka þátt í kostnaði við kvótaleigu telst því ekki bindandi fyrir stefnanda máls þessa.

Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig umráðamaður eða umráðamenn þeirra aflaheimilda, sem hér um ræðir, voru að þeim komnir né hvort við leigu þeirra hafi þess verið gætt, að sjómenn þeirra skipa, sem aflaheimildum var

úthlutað, fengju hlutdeild í leigutekjunum m. v. hlutaskiptakjör. Í því tilviki hefði þátttaka stefnanda í kvótakaupum verið hugsanleg án þess að teljast vera rof á heildarkjarasamningi, en þó að því tilskildu, að hlutaðeigandi stéttarfélag samþykkti samninginn. Með því að ekkert er fram komið í málinu um skerðingu á rétti stefnanda til að njóta hlutdeildar í aflaverðmæti mb. Guðfinns, KE-19, miðað við um samdar reglur um hlutaskiptakjör og skiptaverðmæti skv. lögum nr. 24/1986, ber að taka kröfu hans til greina, en þegar heildstætt er litið á kjarasamninga LÍÚ og SSÍ, þykir ekki skipta máli fyrir sjómenn, hvernig aflaheimildum er raðað á einstök skip. Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda stefnufjárhæð aðalkröfu ásamt þar greindum dráttarvöxtum.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts og dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, svo sem krafist er í stefnu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Friðriksson, greiði stefnanda, Guðmundi Sigurjónssyni, 292.439 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1992 til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi frá deginum í dag og leggist við málskostnað á 12 mánaða fresti, fyrst 12 mánuðum eftir 3. ágúst nk.
